

Samgöngur og umhverfismál í Evrópu

Stöðug aukning flutninga og samgangna eykur álagið á umhverfið, einkum hvað varðar loftlagsbreytingar og skertan líffræðilegan fjölbreytileika. Það sem verið er að gera nú á tímum til að vinna gegn þessari óheillaþróun hægir í besta falli lítið eitt á henni.

Ef lítið er á björtu hliðarnar kemur í ljós að tækniframfarir draga úr loftmengun frá umferð á götum og vegum og það þótt umferðin aukist stöðugt. En meira þarf til svo að stöðva megi loftmengun í borgunum.

Í þessu stutta yfirliti er fjallað um þróunina frá því snemma á tíunda áratugnum og fram yfir aldamótin 2000.

Þróunin í samgöngugeiranum

Umferðin er alltaf að aukast

Það hefur árum saman verið einn af helstu þáttunum í stefnumörkun ESB í samgöngumálum að rjúfa sambandið á milli hagvaxtar og aukningar í samgöngum og flutningum. Aukning samgangna á bandalagssvæðinu hélst í mörg ár nokkurnveginn í hendur við hagvaxtaraukninguna, eða var ívíð meiri: næstum 20 % aukning farþegaflutninga og um 30 % aukning vöruflutninga.

Veg- og loftflutningar aukast hraðar en aðrir flutningar

Annað höfuðstefnumark ESB í sambandi við flutninga og samgöngur er að tryggja að hlutföll milli flutninga í lofti og á láði og legi verði á árinu 2010 eins og þau voru árið 1998 og haldist þannig.

Vöxtur samgangna milli 1990 og 2000 var mestur í flugi og á vegum, en hins vegar héldust ferðir með hópferðabílum og á vatnaleiðum innanlands í stað eða drógust jafnvel saman.

Innviðir samgangna og flutninga halda áfram að stækka

Á síðastliðnum tíu árum hafa þjóðvegirnir lengst um meira en 12 000 km í gömlu aðildarríkjunum og um 1 000 km eða þar um bil í þeim nýju.

Fjárframlögum til hins Sam-evrópska samgöngukerfis Evrópusambandsins (EU Trans-European Transport Network) hefur einkum verið veitt í það að tengja saman háhraða lesta- og vegakerfi þar sem þau hafa ekki náð saman áður, þ.e. á landamærum ríkjanna. Miklu meira er þó lagt í vegaframkvæmdirnar en í framkvæmdir við að tengja saman lestarkerfin.

Af þessu hefur leitt að þjóðvegakerfið hefur þanist út en á sama tíma hafa innviðir almennra lestarsamgangna og samgangna á vatnaleiðum innan landanna hrörnað smátt og smátt.

Verðlagningin styður í fæstum tilvikum við markaða stefnu ESB í samgöngumálum

Hægt hefur gengið að breyta verðlagningu í samgöngum til að efla innþættingu ytri kostnaðarliða, en það gæti dregið úr heildareftirspurn í samgöngugeiranum og hægt á útpenslu innviðakerfisins, og jafnframt gæti það bætt hlutfall hinna ýmsu samgöngupátta.

Sem dæmi um þetta má nefna að verðlagningin heldur áfram að hygla einkabílunum á kostnað almenningssamgangna. Heildarkostnaður vegna einkabíla hafa haldist í stað á meðan kostnaður við aðrar tegundir flutninga hefur hækkað. Afleiðingin er sú að þeir sem ekki eiga bíla hafa minni möguleika á að komast leiðar sinnar en áður.

Reglugerðir hafa verið settar um vega- og lesta-samgöngur til að endurheimta hluta innviðakostnaðarins, og raddir þeirra sem vilja eldsneytisskatt á flug innan ESB gerast stöðugt háværari.



Þróun umhverfismála

Dregið hefur úr losun skaðlegra mengunarefna

Verulega hefur dregið úr losun skaðlegra mengunarefna frá bílum. Það er hægt að rekja til þess að losunarstaðlar ESB hafa verið hertir smátt og smátt frá því fljótlega eftir 1990 og að enn er verið að herða þá. Losun mengandi efna sem staðlarnir ná yfir hefur dregist saman um 24 % til 35 % (millilandaflug og sjóflutningar ekki meðtaldir).

Þótt minna sé nú um loftmengun frá vegaumferð, er samt enn slæmt ástand í þessum málum í borgunum. Frekari aðgerða er þörf til að forða fólki frá heilsuspillandi mengunarefnum.

Aðgerðir til að tryggja að prófunaraðferðirnar samsvari raunverulegum aðstæðum við akstur, þar á meðal svokölluð 'chip-tuning' dísilvéla, gætu gert alveg eins mikið gagn og frekari þrenging staðla fyrir bíla.

Losunarstaðlar fyrir eimreiðar og skip í innanlandssiglingum munu fyrst koma fram frá og með árinu 2005. Alþjóðlegir staðlar fyrir losun frá flugvélum hafa verið í gildi árum saman og voru hertir á tíunda áratugnum. Reyndar miðast þessir staðlar eingöngu við losun á flugvöllum og í nánd við þá, en ekki við losun sem verður við flug í mikilli hæð, sem hefur áhrif á hækkun hitastigs jarðar.

Losun gróðurhúsalofttegunda eykst

Stöðugt dregur úr losun frá farþegabílum. Hins vegar er það svo að þótt losun CO₂ frá hverjum fólksbíl hafi minnkað hefur ekki dregið úr heildarlosun efnisins því bílum fjölga stöðugt. Samtals hefur losun CO₂ frá vegaumferð aukist nettó um 20 % eða þar um bil.

Skuldbindingum bílaiðnaðarins hvað varðar minnkun CO₂ losunar frá fólksbílum lýkur 2008/2009. Þess vegna þarf að ákveða hvernig ætlunin verður að taka á þessum málum eftir það og taka sendiferðabíla með í reikninginn. Jafnframt þarf að taka tillit til loftkælibúnaðar í bílum o.fl.

Flugsamgöngur eru einnig mjög mikill og vaxandi orsakavaldur CO₂ losunar. Vegna þess að flugið eykst svo ört, verða áhrif þess á loftslagið brátt meiri en áhrif fólksbílanna, og gert er ráð fyrir að álagið verði orðið tvöfalt meira árið 2030. Flug er ekki tekið með í Kyoto bókunina og ekki heldur millilandasiglingar.

Álagið á búsvæðin eykst

Innviðir flutninga og samgangna valda miklu álagi á búsvæði og líffræðilegan fjölbreytileika með beinni landnotkun, hávaða og birtutruflunum, loftmengun og

sundurstykkjun lands. Eftir því sem meira fer fyrir innviðum flutninga og samgangna, eftir því verður álagið meira á þeim svæðum sem útnefnd hafa verið sem verndarsvæði. Að meðaltali hefur um helmingur þessara útnefndu svæða orðið fyrir álagi vegna samgangna og flutninga. Mikill munur er milli svæða og sá munur er mjög háður mismunandi þéttleika byggðar. Hins vegar valda samgöngur og flutningar verulegu álagi, jafnvel á fjarlægum svæðum, eins og til dæmis á norðuskautssvæðinu.

Tilvísanir

Fjallað er um tíu helstu umfjöllunarsvið þeirra er vinna að stefnumörkun í þessum málum í EEA skýrslu nr. 3/2004, Umhverfisstofnun Evrópu, Kaupmannahöfn, 2004.

European Environment Agency
Kongens Nytorv 6
1050 København K
Danmark

Sími: +45 33 36 71 00
Fax: +45 33 36 71 99

Vefsvæði: www.eea.eu.int
Fyrirspurnir: www.eea.eu.int/enquiries

